

Mál nr. 230/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Orsakatengsl vegna mögulegs líkamstjóns í umferðaróhappi 1. nóvember 2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið 19. júní 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 2. júlí 2013.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu féllu stálrör af tengivagni bifreiðarinnar X á bifreiðina Y við akstur á Ölfusárbrú á Selfossi á áðurnefndum tíma. Ekki er getið um farþega í þeirri bifreið í upphaflegri lögregluskýrslu en með frekari gögnum frá lögreglu var upplýst að M var farþegi í Y í greint sinn, en hvorki hann né ökumaður hafi kvartað undan eymslum á vettvangi. Ekki er deilt um ábyrgð eiganda X á tjóni vegna umferðaróhappsins. Ágreiningur er hins vegar um hvort M hafi hlotið líkamstjón í greint sinn.

M telur að sannað sé að hann hafi hlotið líkamstjón með vísan til gagna málsins. Þegar stálrörin hafi lent á bifreiðinni, sem hann var farþegi í hafi henni verið snögghemlað. Þá hafi hann kastast fram í öryggisbeltið og fengið slink á bakið. M hafi ekki fundið strax fyrir eymslum og því ekki greint frá þeim á slysstað en 1-2 dögum síðar hafi hann fengið verki í brjóstbak sem hann finni enn fyrir. M kveðst hafa verið nýbúinn að ná sér af óþægindum sem hann hefði haft vegna taks í baki og hafi ekki leitað læknis strax því hann hafi haldið að hann myndi ná sér fljótt. M telur að vegna fyrri óþæginda hafi hann verið viðkvæmari fyrir því höggi sem hann hafi fengið í umferðaróhappinu. M vísar auk þess til læknisvottorða máli sínu til stuðnings.

V telur að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli kvartana M nú og umferðaróhappsins. M hafi ekki leitað læknis fyrr en mánuði eftir óhappið og því sé ósannað að óþægindi hans í dag séu tengd umferðaróhappinu frekar en öðrum álagstengdum óþægindum sem hann átti við að stríða áður. V vísar til þess að læknisfræðileg gögn málsins sýni ekki með öyggjandi hætti að orsakatengsl séu á milli óþæginda M nú og umferðaróhappsins.

Álit.

M ber sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og verður að telja að það að hann hafi ekki leitað til læknis fyrr en einum mánuði eftir óhappið dragi mjög úr því að honum takist að sanna það. Við það bætast upplýsingar um að M hafi áður átt við óþægindi að stríða í baki. Ekki liggja fyrir öyggjandi læknisfræðileg gögn eða sérstakt mat um að óþægindi hans í dag séu vegna umferðaróhappsins eingöngu eða hvort þau eru hluti af eldri einkennum. Að öllu virtu telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.